

## FUNDARGERÐ

### 151. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 8. febrúar 2011 kl. 12<sup>00</sup> – 14<sup>45</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Ólafur Reynir Guðmundsson (ÓRG)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Stjórnarfundir
- (3) Rekstraryfirlit janúar – nóvember 2010
- (4) Söfnun úrgangsolíu
- (5) Samráð við hlutaðeigandi við breytingar á gjöldum
- (6) Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (7) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (150. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

#### 2. Stjórnarfundir

Gerð er tillaga um fundartíma á þriðjudögum kl. 12 -13:30 á tveggja vikna fresti fram til loka júní.

*Samþykkt*

*Stjórnin tilnefnir Bryndísi Skúladóttur sem varaformann stjórnar.*

Tilnefningin send umhvefisráðherra til staðfestingar.

Stefnt skal á að halda ársfund Úrvinnslusjóðs eigi síðar en um mánaðarmótin apríl – maí 2011.

#### 3. Rekstraryfirlit janúar – nóvember 2010

Ók lagði fram smámyndayfirlit yfir rekstur vöruflokka 2010.

Lögð fram rekstraráætlun fyrir 2011. Þar kemur fram mat á uppgjöri vöruflokka 2011.

Umræðum verður framhaldið á næsta fundi stjórnar.

#### 4. Söfnun úrgangsolíu

ÓK greindi frá að nýr samningur um söfnun og ráðstöfun smurolíuúrgangs átti að taka gildi 1. febrúar 2011. Það gekk ekki eftir og var því samningurinn framlengdur til þriggja mánuða eða þar til nýr samningur liggur fyrir.

## 5. Samráð við hlutaðeigandi við breytingar á gjöldum

Rætt var um erindi lögfræðistofunnar Logos f.h. umbjóðenda til umhverfisráðuneytisins. Umhverfisráðuneytið hefur óskað eftir afstöðu Úrvinnslusjóðs vegna kvörtunar yfir að ekki hefði verið viðhaft nægjanlegt samráð við aðila máls við breytingar á úrvinnslugjaldi sbr. breytingar á lögum nr. 162/2002 frá 1. júlí 2010

*Samþykkt að ÓRG, GGP og ÓK gangi frá svari til umhverfisráðuneytisins*

## 6. Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar

Lagðar voru fram umsóknir aðilum um að gerast þjónustuaðilar og ráðstöfunaraðilar við meðhöndlun flokkaðs úrgangs.

Þjónustuaðilar:

Pappa- og pappírsumbúðir

Bláskógarbyggð óskar eftir að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun á umbúðum úr pappa og pappír.

*Samþykkt*

Flokkun Eyjafjörður ehf. óskar eftir að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun á umbúðum úr pappa og pappír.

*Frestað.*

Plastumbúðir

Bláskógarbyggð óskar eftir að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun á umbúðum úr plasti.

*Samþykkt*

Ráðstöfunaraðilar:

Pappa- og pappírsumbúðir

Molta ehf. óskar eftir að gerast ráðstöfunaraðili við meðhöndlun á umbúðum úr pappa og pappír.

*Frestað*

Plastumbúðir

SYSAV as Svíþjóð / Sorpa bs. óskar eftir að gerast ráðstöfunaraðili við meðhöndlun á umbúðum úr plasti. Brennsla til endurnýtingar, raforkuframleiðsla.

*Samþykkt*

Leysiefni

Efnaferli ehf. Félagið hefur fengið undanþáguheimild frá Umhverfisráðuneyti til þess að hefja tilraunarekstur. Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. júlí 2011.

*Samþykkt að uppfylltum skilyrðum umhverfistráðuneytis. Gangi það ekki eftir verður samþykkt afturkölluð.*

Heyrúlluplast

Hlöðver P. Hlöversson óskar eftir að ráðstafa heyrúlluplasti beint frá býli.

*Samþykkt*

## 7. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl 14:45

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs